

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, bændurnir Gísli Einarsson, Kolbeinn Eiríksson, Erlendur Loftsson, Stefán Eiríksson og Ólafur Bergsson greiði hver þeirra 1 — einnar — krónu sekt, er að $\frac{1}{4}$ hluta renni til uppljóstrarmanna, en að $\frac{3}{4}$ í sveitarsjóð Gnúpverjahrepps. Svo greiði þeir og allir sem einn og einn sem allir allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Guðmundar Eggerz og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlímánaðar.

Nr. 31/1905:

Réttvísín

gegn

Vilhjálmí Ingímagnssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 21. marz þ. á. var hinn ákærði Vilhjálmur Ingímagnsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 5. sinn, til að sæta betrunarhúsvinnu í 2 ár og til að greiða

allan af sökinni leiðandi kostnað, þar með talið 3 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Bøðvars Þorvaldssonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirrettarins eftir beiðni hins ákærða.

Með eiginni játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, er það löglega sannað, að síðari part vetrar 1903—1904 stal hann peningabuddu með nokkru af peningum í á Svignaskarði í Mýrasýslu, þar er hann þá var gestkomandi. Budduna tók hann undan sæng eða kodka í rúmi, er hann sat á þar í baðstofunni. Ákærði kannast við að í buddunni hafi verið 6 kr., er hann hafi eytt í sínar þarfir, en buddunni hafi hann kastað. Eigandi peninganna telur að peningarnir hafi átt að vera 10 kr. og auk þess voru skírteini fyrir 25 kr., en það hefir ákærði ekki kannast við, og það hefir eigi sannast á annan hátt. Iðgjalda fyrir hið stolna hefir eigi verið krafist. Þá hefir ákærði kannast við það, að hann hafi stolið svörtu vaðmálsþilsu í dyrahúsi á Bjargi, er átti dóttir ekkjunnar Kristínar Hallgrímsdóttur þar. Þetta var um páska-leytið 1904. Þilsuð seldi hann að Sólmundarhöfða fyrir 1 kr. 50 a. Eigandi fekk þilsuð aftur og ákærði lofaði að endurborga verðið, 1 kr. 50 a., og hefir iðgjalda eigi verið krafist í málinu. Enn hefir ákærði játað, að hann hafi einhvern tíma vorið 1904 stolið gráum vaðmálsbuxum í húsi Ingvars Ingvarssonar í Reykjavík, þar er ákærði var nætursakir, en Ingvar átti buxurnar; ákærði sleit buxunum upp og hefir eigi komið fram iðgjaldakrafa fyrir þær í málinu. Loks hefir ákærði kannast við það, að hann hafi sama vorið, eða ef til vill nokkru fyr um veturinn á undan, stolið bláum

karlmannsjakka í Reykjavík; hékk jakkinn utan á húsi þar. Þennan jakka seldi hann Benóní Jósefssyni fyrir 2 kr. 50 a. eða 3 kr., en það hefir eigi fyllilega sannast, hver hafi átt jakkann, þó að líkindi séu til, að það hafi verið Sighvatur Árnason í Reykjavík, og verða iðgjöld fyrir því eigi dæmd fyrir hann.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. okt. 1874, og hefir honum oftsinnis áður verið refsað: 1) samkv. yfirréttardómi 4. febr. 1895 með 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir einfaldan þjófnað, 2) samkv. aukaréttardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. júní 1895 með 5 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn, 3) með aukaréttardómi sömu sýslu 30. marz 1900 til 1 árs betrunarhúsvinnu fyrir einfaldan þjófnað framinn í 3. sinn og fyrir svik; 4) með aukaréttardómi sömu sýslu 10. júlí 1901 til 15 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir einfaldan þjófnað framinn í 4. sinn. Afbrot þau er hinn ákærði nú hefir gjört sig sekan í eru af héraðsdómaranum réttilega heimfærð undir 234. gr. 1. másl. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsing ákærða, sem er talinn mjög vitgrannur og skilningslítill, hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhúsvinna. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað í héraði, verður að staðfesta téðan dóm með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða sé 18 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningsláun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Guðmundar Eggerz, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 8/1905:

Sigfús Eymundsson

gegn

síra Lárusi Halldórssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinum stefnda, prentsmiðjueiganda síra Lárusi Halldórssyni í Reykjavík gegn áfrýjandanum, Sigfúsi bóksala Eymundssyni sama staðar, til að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af borgun fyrir prentun og prófarkalestur á sálmasöngsbók eftir síra Bjarna Þorsteinsson, 700 kr., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, auk málskostnaðar, og var málið dæmt í nefndum rétti hinn 22. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda 500 kr. með 5% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi 26.